



Umhverfis- og skipulagssvið
Höfðatorg - Borgartúni 12-14
105 Reykjavík

Hólmsheiði - Fjárborg - Almannadalur - hesthúsabyggð - deiliskipulag

Á fundi borgarráðs þann 28. apríl 2022 var lagt fram bréf umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 8. apríl 2022, sbr. samþykkt skipulags- og samgönguráðs frá 6. apríl 2022 á breytingu á deiliskipulagi hesthúsabyggðar á Hólmsheiði, ásamt fylgiskjölum.

Borgarráð samþykkti erindið.

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins lagði fram svohljóðandi bókun:

Flokkur fólksins bókaði í skipulags- og samgönguráði þann 6. apríl um að mjög margar athugasemdir bárust við deiliskipulagstillöguna. Eftir því sem sýnist var tekið vel í þær flestar. Svo virðist sem skipulagsyfirvöld hafi ekki samband við þá sem senda inn athugasemdir eftir því sem fulltrúi Flokks fólksins kemst allavega næst. Þeir sem það gera geta því aðeins vonað að tekið verði tillit til þeirra. Fyrir lesanda gagna er ekki gott að átta sig á hvað af þessum athugasemdum og frá hverjum hafa verið teknar til greina. Það væri gott ef þetta væri sett skýrar fram í gögnum með málinu. Gott væri ef það væri gert skýrar í framtíðinni.

Helga Björk Laxdal
e.u.